

Stjórnarfundur FASK

29. Fundur 11 nóvember 2024 kl 10:00

Mættir : Laufey Guðmundsdóttir, Óskar Arason, Reynir Snær Valdimarsson, Haukur Ingi Einarsson og Tinna Rut Sigurðardóttir

Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey – Víkurbraut 4

1. Vanhæfi fulltrúa ferðamálafélagsins í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs í málum ferðapjónustunnar

Stjórn FASK gerir alvarlegar athugasemdir við að aðalfulltrúa FASK séu ekki afhent gögn fyrir fundi þegar kemur að umræðu um ferðapjónustuna og sé talinn vanhæfur án nokkurrar ástæðu.

Formanni er falið að koma þessum athugasemdum á framfæri við formann svæðisráðs.

2. Fyrirhugaðar fjöldatakmarkanir á fyrir tæki í íshella og jöklagöngu ferðum.

Fjöldatakmarkanir í íshella og jöklagöngur eru ekki einkamál afþreyingar ferðapjónustunnar, að því máli þurfa að koma hótél og veitingageirinn auk annara þjónustuaðila í sýslunni.

FASK setur málið upp þannig að það mæli með að Vatnajökulsþjóðgarður og Sveitarfélagið Hornafjörður setji af stað vinnu varðandi aðferðafræði við að innleiða fjöldatakmarkanir, þannig að sú vinna sem fer fram verði leidd áfram af svæðisráðinu og hagsmunaraðilum, sem gætu verið SVH, FASK og SAF og önnur fyrirtæki sem ekki eru innan SAF en starfa á svæðinu.

Sú vinna yrði þá grunnur að ákvörðun um hvernig haga beri fjöldatakmarkunum ef það verður niðurstaðan að þær takmarkanir tryggi að lokum grunnmarkmið VJP um öryggi, gæði og sjálfbærni og hvernig hægt er að nýta þau atvinnutækifæri sem skapast í kringum garðinn til að styðja við samfélagsuppbyggingu í Sveitarfélaginu.

Farið verði í þessa vinnu eftir áramót og stefnt að tillögur liggi fyrir í byrjun apríl og að þær verði afgreiddar og samþykktar í lok maí og útfærsla verði tímasett í kjölfarið, hvort tillögurnar verði innleiddar fyrir næsta vetur eða þar næsta, eða eftir að núverandi samningar renna út.

Núverandi samningar eru tímabundnir og renna út í eftir u.þ.b. mánuð en þá var gert ráð fyrir að nýr samningur yrði gerður til eins árs.

Formanni og fulltrúa falið að koma þessum hugmyndum til svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs.

3. Viðræður við Vatnajökulsþjóðgarð um uppbyggingu á Jökulsárlóni.

Formanni falið að funda með stjórnendum Vatnajökulsþjóðgarðs um málið seinna í nóvembermánuði.

Fundi slitið kl 11:00